



## Sumarstörf 2020

### Garðyrkjudeild

Garðyrkjudeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar auglýsir eftir sumarstarfsmönnum. Óskað er eftir **flokkstjóra** fyrir garðyrkjudeild og starfsmönnum í **almenna garðyrkjuvinnu**. Unnið er í dagvinnu og er tímabil ráðningar frá byrjun maí til ágúst loka eða eftir samkomulagi. Sveigjanleiki er í boði varðandi starfshlutfall (fullt starf eða hlutastarf) og starfstíma.

#### Starfssvið:

Í störfunum felst almenn garðyrkjuvinna í Varmahlíð, Sauðárkróki og Hofsó.

#### Hæfniskröfur:

- Flokkstjóri þarf að hafa almenn ökuréttindi.
- Skilyrði að umsækjendur vegna stöðu flokkstjóra hafi náð 20 ára aldri.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, háttvísi og kurteisi.
- Jákvæðni, starfsgleði, frumkvæði og sveigjanleiki.
- Samvirkusemi og stundvísi.

## Umsóknarfrestur er til og með 29. mars 2020

#### Nánari upplýsingar um störfin veitir:

Helga Gunnlaugsdóttir, garðyrkjustjóri, í síma 861-3490 eða [helga@skagafjordur.is](mailto:helga@skagafjordur.is).

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag. Um er að ræða starfsheitin verkamaður III (með flokkstjórn), Verkamaður II og Tækjamaður I.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störf í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is) (laus störf). Með umsókn skal fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.